



Dalvíkurbyggð

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

JAFNRÉTTI – SETJUM GLERAUGUN Á NEFIÐ  
FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ DALVÍKURBYGGÐAR



**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

## Efnisyfirlit

Upplýsingar um verkefni .....	2
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn .....	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.....	2
Dalvíkurskóli .....	2
Lestur Þemaheftis.....	2
Fræðsla til starfsfólks.....	2
Jafnréttisáætlun skóla .....	3
Jafnrétti í skólanámskrá.....	3
Unnið með nemendum .....	3
Árskógarskóli .....	6
Lestur Þemaheftis.....	6
Fræðsla til starfsfólks.....	6
Jafnréttisáætlun skóla .....	6
Jafnrétti í skólanámskrá.....	6
Vinna með nemendum .....	7
Krílakot og Kátakot .....	8
Lestur Þemaheftis.....	8
Fræðsla til starfsfólks.....	8
Jafnréttisáætlun skóla .....	8
Jafnrétti í skólanámskrá.....	8
Rýnifundir í leikskólum .....	8
Vinna með nemendum .....	11
Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	11
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins .....	12
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu .....	12
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.....	13
Niðurstöður verkefnisins .....	13
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum .....	13
Rekstrarreikningur.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>

## Upplýsingar um verkefni

Nafn styrkþega: Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar

Nafn verkefnis: Jafnrétti – setjum gleraugun á nefið

Nafn verkefnisstjóra: Helga Björt Möller

Númer samnings og ár Ums.062 2013-2014

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að vinna markvisst með og að jafnrétti yfir skólaárið 2013-2014 í leik- og grunnskólum Dalvíkurbyggðar. Unnið var að því að efla skilning starfsfólks skólanna á jafnrétti og skoðað hvort jafnrétti væri haft að leiðarljósi í tengslum við þjónustu við nemendur og foreldra þeirra. Útfært var hvernig hægt væri að kenna börnum um jafnrétti, bæði í leik- og grunnskóla. Jafnréttisstoðin var endurskoðuð og útfærð í skólanámskránum og jafnréttisáætlanir unnar í hverjum skóla.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

### Dalvíkurskóli

Lestur Þemaheftis

Kennarar lásu þemaheftið um jafnrétti í janúar og 13. feb var umræðufundur um innihaldið.

Fræðsla til starfsfólks

- 1) Guðrún Pétursdóttir félagsfræðingur hélt námskeið fyrir allt starfsfólk skólans 19. og 20. ágúst 2013 með áherslu á fjölmeningu. Guðrún kom aftur inn á fund 21. nóvember 2013 með fræðslu og fylgdi námskeiðinu eftir. Sérstök áhersla er lögð á virkni þátttakenda og að aðferðirnar, sem kenndar eru á námskeiðinu gagnist kennurum raunverulega strax í kennslu sinni.



Markmið námskeiðsins:

- Að kennarar og annað starfsfólk öðlist fjölmeningarlega hæfni og séu næmir fyrir fordómum og útilokun í skólaumhverfinu.
- Að allir starfsmenn skólans hafi velt fyrir sér sameiginlegri aðgerðaráætlun við fordómafullum athugasemdum eða hegðun.
- Að kennarar kynnist þróun, markmiðum, hugmyndafræði og aðferðum fjölmeningarlegrar kennslu og samvinnunáms.
- Að kennarar kynnist og fái reynslu í að nota einfaldar samvinnunámsaðferðir sem henta sérstaklega vel í fjölbreyttum nemendahóp.

- Að kennarar kynnist leikjum og æfingum sem henta vel til að skapa jákvæðan og traustan bekkjaranda.

Námskeiðið gekk vel og þátttakendur voru mjög ánægðir með Guðrúnu þó þeir hefðu vilja hafa hana í fleiri daga.

- 2) Hanna Björg Vilhjálmisdóttir kynjafræðingur kom með erindi 3. febrúar 2014 fyrir allt starfsfólk skólans.

Inntak fræðslunnar var:

- Jafnréttisstoðin og skyldur skólakerfisins
- Hvað þarf til að jafnréttismennta börn og ungmenni?
- Auglýsingar og klámvæðing – áhrif á bæði kynin
- Umræða um inntak og aðferðir í jafnréttisfræðslu

### Jafnréttisáætlun skóla

Jafnréttisáætlun skólans var unnin en fulltrúi Jafnréttisstofu las hana yfir og kom með ábendingar sem nýttar voru til lagfæringar. (sjá fylgiskjal 1)

### Jafnrétti í skólanámskrá

Farið var yfir kaflann um jafnrétti í skólanámskrá út frá vinnu vetrarins og hann endurbættur í tengslum við vinnuna.

### Unnið með nemendum

Mikið þúður var lagt í vinnu með nemendum í tengslum við jafnrétti. Mismunandi nálganir og áherslur voru eftir aldri og þroska barnanna. Erna Þórey Björnsdóttir verkefnastjóri innleiðingar nýrrar aðalnámskrár í Dalvíkurskóla sagði ítarlega frá vinnu með nemendum í grein sem birt var á heimasíðu skólans, sveitarfélagsins og á fésbókarsíðu um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og eftirfarandi texti er hluti af.



8. bekkur vann með fréttir líðandi stundar og ræddi um þær með jafnrétti í huga. Til dæmis var skoðuð frétt um réttarhöldin yfir Oscar Pistorius, einfætta hlauparanum sem skaut kærustu sína til bana, og velt fyrir sér hvort réttarhöldin hefðu fengið jafnmikla umfjöllun í fjölmiðlum ef Pistorius hefði til dæmis verið svartur, tvífættur, kona eða frá Evrópulandi. Út frá þessum vangaveltum sköpuðust fjörugar umræður og rökræður.

Í samfélagsfræði lærðu 5. og 6. bekkingar um Rómverja til forna og þá var til dæmis fjallað um skylmingarþræla sem börðust í

hringleikjahúsum, sem og annars konar þræla. Út frá þeirri umfjöllun var mikið rætt um jafnrétti og mannréttindi og spunnust þær umræður út í tal um þrælahald í Bandaríkjunum og víðar, barnþrældóm í fátækum löndum, kynlífsþrældóm og fleira. Margir urðu mjög undrandi, svekkir og reiðir yfir því að þrælahald finnst ennþá í heiminum í dag.

Í íslenskuhringekju á unglingsstigi var fjallað um birtingamyndir auglýsinga og meðal annars skoðað og rætt um myndmál, sálfræði, markhópa, staðalímyndir og klámvæðingu í auglýsingum. Í dag taka eflaust margir unglingsmenn skólans mun betur eftir öllum þeim duldu skilaboðum sem leynast í auglýsingum og eru meðvitaðri um hvernig er reynt að lokka fólk til að kaupa ákveðnar vörur.

Nemendur 4. bekkjar kynntu sér Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leystu í framhaldinu ýmis verkefni sem hægt er að finna á vefsíðunni [barnasattmali.is](http://barnasattmali.is). Jafnframt fjölluðu þeir um kynhlutverk og „hefðbundin“ kynjastörf þegar þeir lærðu um lífið á Íslandi í kringum aldamótin 1900 og veltu fyrir sér hvað hefur breyst í þeim eignum.

Á unglingsstigi var haldinn fyrirlestur um klám- og kynlífsvæðingu og var meðal annars komið inn á hvernig skírskotun til kynlífs og kláms hefur aukist í tónlistarmyndböndum og auglýsingum á síðustu árum. Skilaboðin sem börn og unglingsmenn fá frá þessum myndböndum og auglýsingum eru afar óábyrg og ber svo sannarlega að líta alvarlegum augum, ræða og útskýra.

Árlega tekur skólinn þátt í UNICEF hlaupi til styrktar fátækum börnum úti í heimi. Þá safna nemendur áheitum fyrir hverja 400 metra sem þeir hlaupa og er peningunum sem safnast varið í hjálparstarf. Í okkar huga er þetta verkefni frábær leið til þess að fræða nemendur um jafnrétti og fá þá til að hugsa um að því miður búa ekki öll börn við samskonar jafnrétti og sömu kjör. Í ár fræddust allir nemendur skólans um Afríkuríkið Malí og kjör margra barna sem þar búa og í framhaldinu söfnuðu þeir 584.758 krónum sem verða til dæmis nýttar til að veita börnum í Malí menntun og heilsugæslu. Þess má geta að frá árinu 2008 hafa nemendur Dalvíkurskóla safnað rúmum 3,6 milljónum fyrir UNICEF og svo sannarlega lagt sitt af mörkum til að stuðla að meira jafnrétti í heiminum.

Í enskuhringekju á unglingsstigi voru jafnrétti og mannréttindi meginþemað í viðfangsefnum nemenda. Meðal annars var unnið með:

- Berlínarmúrinn og réttinn til að ráða búsetu og vera frjáls ferða sinna.
- Malala, unglingsstelpu frá Pakistan sem berst fyrir því að stúlkur megi ganga í skóla.
- Lagið Define Me með Ryan Amador og Jo Lampert sem fjallar um samkynneigð og að kynhneigð eigi ekki að stjórna því hvort fólk nýtur jafnréttis.



Nemendur 5. bekkjar gerðu veggspjöld með jafnréttisslagorðum. Til að byrja með hjálpuðust allir við að safna saman hugmyndum að slagorðum og svo útbjó hver nemandi veggspjald með einu slagorði og myndskreytti það. Mörg flott veggspjöld urðu til við þessa vinnu.

Í þjóðfélagsfræði á unglingastigi var mikið unnið með jafnrétti. Meðal annars var rætt um staðalímyndir og gerð verkefni um heimilisstörf og atvinnu þar sem “hefðbundnum kynjastörfum” var kollvarpað. Einnig var rætt um jafnrétti út frá mannréttindum og réttindi unglunga á Íslandi borin saman við ýmsar aðrar þjóðir, til dæmis réttindi til að njóta menntunar. Útgangspunkturinn var sá að fá nemendur til að skilja hversu mikil mannréttindi felast í því að fá að ganga í skóla.

Dæmin sem hér hafa verið gefin lúta öll að ákveðnum verkefnum sem sérstaklega voru lögð fyrir nemendur með grunnþáttinn jafnrétti í huga. Að sjálf sögðu tengist jafnrétti ekki eingöngu sérstökum verkefnum heldur einnig skólabrag, samskiptum, framkomu og vinnubrögðum sem tíðkast í skólanum, virkni nemenda og því að grípa tækifærið þegar það gefst, til að leiða umræðuna inn á jafnréttissjónarmið. Jafnrétti fléttast því óhjákvæmilega inn í allt skólastarf. Í stærðfræði á unglingastigi er til að mynda mikið jafnrétti fólgið í því að nemendur vinna eftir lotuseðlum á sínum hraða og ákveða sjálfir hversu djúpt þeir fara í námsefnið og í 7. bekk fer stór hluti námsins fram í gegnum Ipad þar sem nemendur ráða sjálfir hvaða verkefni þeir vilja leysa hverju sinni.

Í nokkrum bekkjum yngri deildar voru lögð fyrir áhugasviðsverkefni þar sem nemendur fengu algjörlega frjálsar hendur um hvað þeir vildu kynna sér og fræðast um og hvernig þeir vildu svo skila frá sér því sem þeir lærðu. Afraksturinn var fjöldi áhugaverðra og flottra verkefna, til dæmis:

- Bækur og bæklingar um höfrunga, hunda, risaeðlur, fræga fótboltakappa, Rússland og byssur.
- Veggspjöld um mannlíkamann, Ástralíu, fæðuofnæmi, ensk fótboltalið og reikistjörnur.
- Skjásýningar um fána Norðurlandanna, fótboltaliðið Liverpool, Ólympíuleikana, Grímsey og hin og þessi lönd.

Á unglingastigi unnu nemendur einnig að áhugasviðsverkefnum og settu upp kynningarbása á opnu húsi þar sem afraksturinn var til sýnis. Þar mátti meðal annars sjá verkefni um náttúruljósmyndir, hestamennsku, íslenska kvennalandsliðið í fótbolta, skíði, tölvuleiki, andlitsförðun, myndlist, golf og fatahönnun og var augljóst að margir höfðu lagt mikla vinnu í verkefni sín og að setja upp bása sem vektu áhuga fólks til að skoða.

# Árskógar skóli

## Lestur Þemaheftis

### Fræðsla til starfsfólks

1. Helga María Þórarinsdóttir leikskólakennari hélt kynningu 30. janúar 2014 á jafnréttisverkefni leikskólans Lundarsels og verkefninu *Þegar Rósa var Ragnar* sem styrkt var af jafnréttisstofu en umræddri bók var á sínum tíma dreift í alla leik- og grunnskóla. Góðar umræður sköpuðust á kynningunni og kennarar fengu kennsluleiðbeiningar með bókinni sendar í tölvupósti.
2. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kynjafræðingur hélt fræðslu 3. febrúar 2014 um jafnrétti og leikskólastarf. Í fræðslunni fjallaði Hanna um eftirfarandi:
  - Hvað eru börn að sjá og heyra hvað varðar kyn? Hvaða áhrif hefur það? Hvað er til ráða?
  - Auglýsingar sem beint er að ungum börnum m.t.t. klámvæðingar
  - Barnaefni – boðskapur og áhrif á kynhlutverk
  - Sjálfsmynd, væntingar og viðhorf

Mikil ánægja var með erindi Hönnu og góðar umræður áttu sér stað í gegnum fræðsluna.

### Jafnréttisáætlun skóla

Jafnréttisáætlun Árskógar skóla var unnin með stuðningi jafnréttisstofu. (sjá fylgiskjal 2)

### Jafnrétti í skólanámskrá

Kaflinn um jafnrétti í skólanámskrá var endurskoðaður og er hann nú á þessa leið:

#### Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á víðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferðar og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni.



- Á öllum skólastigum vinnum við meðal annars að jafnrétti með:
- Sömu tækifærum allra barna til leikefnis
- Því að kalla eftir ólíkum sjónarmiðum
- Aldursblöndun og samkenndu
- Fjölbreyttu námsumhverfi innan sem utan skóla
- Einstaklingsmiðuðu námi og námsefni við hæfi hvers og eins
- Skóla án aðgreiningar
- Fræðslu um ólíka trúar- og menningarheima
- Kynjaumræðu



### Vinna með nemendum

Skólaping var haldið 17. október 2013. Hver kennari leik- og grunnskólastigs sem bar ábyrgð á hóp fékk það verkefni að vinna að kynningu um jafnrétti. Markmiðið var að hver og einn á breiðum aldersgrunni nemenda skólans gæti á sínum forsendum skilgreint hugtakið jafnrétti. Nemendur og kennarar unnu að fjölbreyttum verkefnum m.a. var hugtakið skilgreint með orðum og myndum þ.e. hvað merkir orðið jafnrétti, skoðaðar námsbækur með jafnréttisgleraugun á nefinu, búin til hugtakakort, nemendur unnu verkefni út frá orðinu jafnrétti í anda byrjendalæsis og orðs af orði og má þar nefna rím, krossglímur og orðasúpur. Jafnréttislög voru skoðuð og útfærð og skilgreind að hluta eins og þau birtast í skólastarfinu, gerður listi um hlutverk sem nemendur höfðu flokkað á kynbundinn hátt en svo endurskoðað eftir ígrundun og umræður um hvort slík hlutverk væru til. Nemendur unnu mörg önnur verkefni tengd jafnrétti og frábært að sjá hvað þeir búa yfir góðum skilningi á því hversu eðlilegt

það er að allir séu jafnir, eitthvað sem þarf að rækta alla ævi. Mikil umræða skapaðist á sumum heimilum í tengslum við vinnuna og ljóst að það tókst að koma hugtakinu jafnrétti vel fyrir í skólastarfinu og efla skilning nemenda og starfsfólks á því. Kennarar unnu mjög gott starf í þessari vinnu og saman varð úr gott, jákvætt og uppbyggilegt skólaping





## Krílakot og Kátakot

### Lestur þemaheftis

Þemaheftið frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu var lesið og rætt á starfsmannafundi.

### Fræðsla til starfsfólks

Í vetur var fjórum sinnum fræðsla um jafnréttismál fyrir starfsfólk leikskólanna.

1. Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor í HA kom og hélt erindi 14. ágúst 2013



Leikskólar eiga sér langa sögu sem að megninu til er skrifuð af konum. Fjallað var um hvernig þessi næstum einkynja saga getur haft áhrif á leikskólastarf, í skólum sem eru ætlaðir karl- og kvenkennurum, stúlkum og drengjum, feðrum og mæðrum. Einnig var lögð áhersla á mótandi áhrif umhverfis og áhrifin á hugmyndir barna um eigin getu og tækifæri sem og annmarka og hindranir.

Farið var yfir lykilþætti, eins og það hver staðan væri almennt í kynjajafnrétti leikskólabarna, velt upp atriðum sem vinna má með en ekki síður það sem er vel gert og má styrkja. Markmiðið var að vekja starfsmenn/kennara til umhugsunar og gefa veganesti inn í frekari vinnu með jafnrétti í leikskóla.

2.-3. Helga María og Hanna Björg komu í sitthvort skiptið og fjölluðum um jafnrétti. Sjá um þeirra erindi undir Árskógarskóla.

4. Fríða Bjarney Jónsdóttir kennsluráðgjafi hjá Reykjavíkurborg kom og hitti leikskólastjóra á 2 klst fundi tengda fjölmeningarmálum.

### Jafnréttisáætlun skóla

Jafnréttisáætlun skóla var unnin með leiðbeiningum og yfirlestri frá Jafnréttisstofu. Ákveðið var að miða áætlunina við jafnrétti í víðum skilningi og taka inn í hana jafnrétti m.t.t. kynja, fötlunar og uppruna. Jafnréttisáætlunirnar má sjá á heimasíðum hvers skóla.


### Jafnrétti í skólanámskrá

Í kjölfar lesturs þemaheftis mennta- og menningarmálaráðuneytisins um jafnrétti var kaflinn um jafnrétti endurskrifaður í skólanámskrá. Sjá skólanámskrár á heimasíðum hvers skóla.

### Rýnifundir í leikskólum

Á fyrri rýnifundinum var farið yfir leikfangakost, bókakost og fleira þ.e. hvaða efnivið börnunum er boðið upp á í daglegu starfi.

Áhugaverðar umræður sköpuðust um mun á kynjunum og hvort allur efniviður henti báðum kynjunum, strákum og stelpum. Einnig var efniviður skoðaður út frá fjölmenningu og fötlun. Umræður sköpuðust um mikilvægi þess að vera meðvitaður um hvað maður býður börnunum s.s. ef litið er til efniviðs, leikfanga og bóka. Bækur voru skoðaðar og leitast við að finna bækur sem ögra hinum hefðbundnu staðalímyndum eða sýndu mjög „gamaldags“ mynd af t.d. fjölskyldum og hvert hlutverk fjölskyldumeðlima er.



Það var mat starfsfólks að það mætti bæta fjölbreytileikann t.d. í hlutverkaleik að bjóða uppá búninga eða fatnað er tengist atvinnu s.s. lögreglu, hjúkrunarfólki, kokkum, fiskvinnslu og fleira en einnig fylgihluti t.d. gömul gleraugu/umgjarðir. Það var einnig mat starfsfólks að nýta betur tónlist frá öðrum löndum. Við innkaup ætlum við að skoða vel í hverju við fjárfestum. Púsluspil sýna oftast karla á vinnuvélum, flugvélum eða öðrum farartækjum og væri gaman að leitast við að finna púsl þar sem konur eru í þeim hlutverkum. Við gerð námefnis er markmiðið að passa uppá að hafa fjölbreytileikann í fyrirrúmi þ.e. kynin og einnig hörundslit og fötlun. Við val á bókum flokkuðum við bækurnar og tókum frá þær bækur sem við teljum ögra hinni hefðbundnu staðalímynd kynjanna þannig að hægt væri að ganga að þeim vísam.

Á seinni rýnifundinum var farið yfir eftirfarandi punkta/gátlista sem m.a. voru unnir út frá gátlistum úr leikskólum Kópavogs og þemaheftis um jafnrétti. Starfsfólk skoðaði hvaða sóknarfæri væru í að efla jafnréttismál í skólanum. Farið var yfir eftirfarandi atriði og starfsfólk kom með eftirfarandi ábendingar þeim tengdum.

1. Ég bíð strákum og stelpum eins viðfangsefni ef þeim leiðist?
  - Ekki alltaf verið að bjóða öllum eins, fer þó eftir einstaklingum en þetta mætti skoða betur
  - Við höfum breytt talsvert og nú er strákum jafnt sem stelpum boðið upp á að eins leiki, t.d. dúkkuleik. Við erum hætt að fyrirfram ákveða á hverju þau hafa áhuga.
2. Er jafnvægis gætt í þeim fyrirmyndum sem birtast, t.d. í bókum og söngvum?
  - Ekki mikið af fyrirmyndum sem fara út fyrir rammann, muna ekki eftir bókum sem fjalla t.d. um einstæða móður og dóttur, t.d. Gunnhildur og Glói
  - Ekki í góðum málum, vera meðvituð um það sem við erum að fara að lesa, snúa kannski stundum hlutverkunum við og svoleiðis, vera gagnrýnin á hvað verið að lesa
3. Fá stelpur og strákar jafnmikla hvatningu fyrir hörð og mjúk verkefni eða leiki

- Ekki eru allir jafnduglegir að hvetja kynin á sama hátt og mun starfsfólk hafa það í huga hérefrir.
  - Ekki verið að hvetja stelpur jafnmikið í fótbolta og stráka, kannski ætti það að vera hlutverk leikskólastarfsfólks að ögra þínu
4. Er hringt jafn oft í feður og mæður ef börn veikjast?
- Þetta mætti skoða betur, stundum frekar hringt í móður þó auðveldara sé að ná í föður
  - Ekki allir sammála, oft hringt í það foreldri sem er í meiri tengslum við leikskólann
5. Er þess gætt að strákar og stelpur hafi tækifæri til að leika saman og mynda vináttutengsl
- Erum við kannski að festast í að para saman strákar og strákar
  - Hvetjum við til blöndunar, erum við að ögra og brjóta upp hefðir
6. Hrósum við stelpum og strákum fyrir útlit
- Kannski auðvelt að detta í farið að hrósa stelpum meira fyrir útlit
  - Hrósum við þeim sem eru í nýjustu fötunum eða tísku, erum við að hrósa misjafnt fyrir föt
  - Hópurinn meðvitaðri eftir síðasta fyrirlestur (Hanna Björg), minna hrósað fyrir útlit, allir sammála því
  - Þó maður ætli að vera ótrúlega duglegur þarf maður að passa sig að hjartað sé með í för
7. Málfar, er notað málfar sem upphefur eða niðurlægir annað kynið?
- Bróðurlegur og drengilegur eru jákvæð orð, kerlingabækur er neikvætt orð
  - Nota orðið píka, ekki líta á orðið píka sem neikvætt
8. Er rétt að strákar þurfi meiri hreyfingu, er þeim boðið upp á meiri hreyfingu
- Hvetjum við stelpurnar nógu mikið til að vera í hreyfingu
  - Ath. einn starfsmaður sagði frá bardagaleikjum barna, hefur sótt námskeið og það er sett pínulítið upp eins og karate, gaman fyrir börn með mikla hreyfipörf og líka t.d. stelpur sem eru sjaldan í svona aðstæðum, líka hægt að vera með hanaslag
  - Annar hópur talaði líka um að styrkja stúlkurnar og hvetja til að taka þátt, líka kenna strákunum að stoppa
9. Er sussað jafnmikið á stelpur og stráka
- Stundum meira sussað á stráka, sumir sögðu einstaklingsbundið, sumir sögðust oft sussa meira á stelpur, mjög misjafnt
10. Líffræðilegur munur á strákum og stelpum
- Einn hópur vildi meina að hann væri að stóru leyti uppeldislegur
  - Orsakast af flokkum sem við setjum þau í
11. Annað

- Umræður um hvort stelpur og strákar fái jafnmikla jákvæða athygli, fá strákar meiri neikvæða athygli?
- Er tekið jafnvel í hugmyndir stráka og stelpna?
- Rætt um að allt sem við gerum hafi miklu meiri áhrif ef við fáum foreldrana með.



- Hugmyndir um að hafa foreldrafræðslu um jafnréttismál
  - Þegar strákar vilja fá teygjur í hárið og svoleiðis, erum við að móðga einhvern, þurfum við að láta vita, m.t.t. menningar og ólíkra heimila, t.d. ef einhverjir fá naglalakk
  - Einn svaraði hvort við værum ekki jafnréttisleikskóli, þarf að láta vita af svona löguðu
  - Setja tilkynningu í fréttabréf um jafnréttisvinnu og svoleiðis

#### Vinna með nemendum

Í leikskólunum á Dalvík eru börn frá aldrinum 9 mánaða upp í að vera 6 ára. Mismunandi var hvernig starfsfólk vann með nemendum tengt jafnrétti. Það var mat fólks að þegar börnin eru yngri þá séu þau lítið flokkuð eftir kynjum og flokki sig ekki sjálf. Þau leiki sér óháð kynjum með fjölbreyttan efnivið. Það breytist síðan þegar þau eldast.

Hjá þriggja ára börnunum á Krílakoti (þar eru yngri börnin) voru hengd upp veggspjöld frá jafnréttisstofu þar sem birtar eru myndir af fólki í ýmsum störfum en í ódæmigerðum kynhlutverkum. Kennarar settust niður með börnunum og ræddu um störf og kyn og að það skipti ekki máli af hvaða kyni maður er til að geta sinnt ákveðnu starfi. Eins var gjarnan rætt við börnin um birtingamyndir tengdar jafnrétti í bókum og hvert tækifæri nýtt til að vekja máls á slíku.

Hjá eldri börnunum var talsvert rætt um jafnréttismál og mikil umræða við börnin og meðal þeirra um að allir ættu að hafa sömu tækifæri og allir væru jafnir. Karlmaður í leikskólanum fór í prinsessu og snyrtileik með krökkunum, stelpuhópur sem sýndi fótbolta lítinn áhuga var hvattur og studdur í að prófa og svo framvegis. Starfsfólk lagði sig í líma við að brjóta upp staðalmyndir og opna á að allir hefðu sömu tækifæri óháð kynjum.

#### Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið gekk að mestu leyti samkvæmt áætlun þrátt fyrir að stundum væru tímasetningar verkþátta aðrar en áætlað var í upphafi. Ekki náðist að skrifa um jafnréttisstoðina í allar bekkjarnámskrár grunnskóla, það var einstaklingasbundið eftir kennurum hvort þeir komu því í framkvæmd. Eins er enn til talsvert mikið af gögnum/hugmyndum frá rýnifundum sem gott væri að setja formlega niður á blað og útfæra enn betur í bekkjar- og skólanámskrám. Sú vinna

bíður starfsfólks skólanna fyrir næsta vetur. Ekki lásu allir kennarar og starfsfólk þemaheftið um jafnrétti þó mikill meirihluti gerði það.

Ákveðið var að bæta inn viðbótarfræðslu um fjölmenningu í Dalvíkurskóla með jafnrétti að sjónarmiði og sat allt starfsfólk Dalvíkurskóla námskeið í 2 daga í ágúst varðandi það, því námskeiði var fylgt eftir á kennarafundi í nóvember. Það var ekki á áætluninni en er beintengt jafnrétti í skólastarfi og nýttist vel í verkefninu.

Kennsluráðgjafi í fjölmenningarmálum hitti leikskólustjóra á stuttum fundi og ræddi við þá um fjölmenningarlegt skólastarf. Það var ekki á upphaflegri verkáætlun.

Í áætlun verkefnisins var talað um að fulltrúi frá jafnréttisstofu kæmi í skólana til aðstoðar og stuðnings við jafnréttisáætlanir og endurskrif jafnréttisstoðarinnar í skólanámskrá. Skólastjórnendur töldu ekki þörf á að fulltrúinn kæmi til þeirra en nýttu sér hins vegar ráðgjöf og stuðning frá Jafnréttisstofu í gegnum tölvupóst og uppsettar leiðbeiningar þeirra við gerð jafnréttisáætla. Eins las fulltrúi jafnréttisstofu yfir jafnréttisáætlanir og kom með ábendingar.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Tímaskortur var helsta hindrun verkefnisins. Verið er að vinna að mörgu í skólunum og það kom fyrir í Dalvíkurskóla að ekki næðist að halda alla fundi sem áætlaðir voru varðandi jafnrétti þennan veturinn. Það sama gildir um sumar þeirra hugmynda sem komu fram í vinnunni, það á eftir að vinna úr þeim frekar til að ná að festa þær í sessi í skólastarfinu.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Mikil umræða átti sér stað um jafnréttismál hjá starfsfólki skólanna í vetur. Það má segja að fyrirlesarinn Hanna Björg Vilhjálmisdóttir sem flutti erindi 3. febrúar 2014 hafi hreyft verulega við fólki og sérstaklega mikil ánægja var með hennar erindi. Sumir tjáðu sig um að þeir myndu vilja hlusta á hana aftur. Í kjölfarið hefur starfsfólk leik- og grunnskóla vísað í erindi hennar og sagt frá því að það sé opnara og meðvitaðra um jafnréttismál og hinar duldu birtingamyndir ójafnréttis sem þarf að vera vakandi fyrir. Eftir erindið skrifaði einn af starfsmönnum grunnskóla eftirfarandi á facebook: *Eftir þennan fyrirlestur langar mig mesti til að dusta rykið af gömlum draumi og læra kynjafraði. Einn besti og skemmtilegasti fyrirlestur sem ég hef setið, hélt mér við efnið allan tímann.*

Nemendur á grunnskólaaldri unnu allir markvisst með jafnréttishugtakið, í víðum skilningi í vetur og dýpkðu þekkingu sína á því. Kennarar hafa heyrt nemendur nýta sér hugtakið í kjölfar vinnunnar t.d. heyrðust nemendur leiksskóla segja „þetta er ekki jafnrétti“ þegar þeir upplifðu að hallað væri á einn hóp í ákveðnum starfi.

Í leikskólunum var unnið með jafnrétti og sérstaklega kynjajafnrétti með nemendum. En hugmyndir úr rýnivinnunni seitluðu líka út í starfið og starfsfólk fór að vera meira vakandi fyrir því að opna á alla möguleika í leik og starfi fyrir börn, óháð kynjunum og öðrum félagslegum þáttum. T.d. var farið að hvetja og þjálfva þau börn sem ekki sýna fótbolta áhuga í að prófa (mest stelpur sem ekki prófa fótbolta) og sáði það strax áhugafræjum og sjálfstrausti hjá þeim sem sumar hverjar fóru skyndilega að vilja spila fótbolta. Eins var gaman að sjá þegar starfsfólk lagði

sig fram um að brjóta upp hefðbundnar staðalmyndir og t.d. var karlleikskólakennari oft í prinsessu- og snyrtileik með börnunum sem fannst það skrítið í fyrstu en mjög eðlilegt þegar á leið.

Allir skólarnir unnu jafnréttisáætlanir sem voru yfirfarnar af Jafnréttisstofu og útbjuggu aðgerðaráætlanir tengdar þeim. Unnið verður samkvæmt aðgerðaráætlunum í skólunum næsta vetur. Jafnréttisáætlanir verða lagðar fyrir fræðsluráð í júlí 2014.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið heppnaðist vel og aukið þúður var í jafnréttisvinnu í skólunum í vetur. Fræðslan var mjög fín, gaf fólki breytta sín á jafnrétti og vinnufundir um jafnrétti skiluðu miklu. Það skilaði sér að gefinn var viðbótarfundartími í leikskólum til að ræða og ígrunda jafnréttismál en fundartími í leikskólum er af skornum skammti og því takmarkað svigrúm til að gefa einum þætti mikinn tíma. Það sem mætti vera betra væri meiri tími í úrvinnslu og að koma hugmyndunum í fastar skorður í grunnskólanum, t.d. að gæta þess að búið sé að útfæra vinnu tengda jafnrétti í öllum bekkjarnámskrám. Það er þó á dagskrá að vinna frekar úr þeim næsta vetur. Allir skólarnir eiga nú jafnréttisáætlanir og aðgerðaáætlanir þeim tengdum, þeir munu starfa eftir þeim á næstu árum. Ljóst er að sinna verður vinnu tengdri jafnrétti árlega í skólunum.

## Niðurstöður verkefnisins

Niðurstöður verkefnisins eru aukin meðvitund skólafólks og nemenda og jafnréttismál. Við höfum í vetur stigið skref í að vinna markvissara að jafnrétti í skólunum, alveg frá vinnu með yngri börnum leikskóla og upp allan grunnskólann. Allir skólar fjalla um jafnrétti í skólanámskrá sinni, eiga jafnréttisáætlanir, aðgerðaráætlanir þeim tengdar og búið er að skrifa hvernig unnið verði að jafnréttismálum inn í flestar bekkjarnámskrár í grunnskóla. Starfsfólk er meðvitaðra um jafnréttismál í tengslum við annað starfsfólk, nemendur og foreldra.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt á heimasíðu Dalvíkurbyggðar [dalvik.is](http://dalvik.is) og á heimasíðum allra skólanna.

Grein um vinnuna í Dalvíkurskóla var send inn á fésbókarsíðu um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

Helga Björt Möller, kennsluráðgjafi á fræðslusviði, verkefnastjóri

Drífa Þórarinsdóttir skólastjóri Kátakots og Krílakots

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson skólastjóri Árskógarskóla

Björn Gunnlaugsson skólastjóri Dalvíkurskóla